

Ársskýrsla Bláa hersins 2021.

Janúar.

- Hreinsað upp áramótarusl í Sandgerði og Reykjanesbæ. Nokkrir vinir afastráksins hans Tómasar Arons komu í leiðangur og hirtu upp 720 kg. þann 1 janúar. Þeir fengu styrk í verðlaun fyrir fótboltamót í sumar. Hörkuduglegir strákar hér á ferð.
- Nýr Toyota Hilux afhentur samtökunum, perluhvítur að lit, EVA 87.
- Fór í nokkrar fjörur, drónaskoðun og litakóðaði fyrir verkefni ársins.
- Tók þátt í vefráðstefnu Lets do it World síðustu helgi mánaðarins.

Febrúar.

- Fleiri fjörur drónaskoðaðar og litakóðaðar fyrir verkefni ársins.
- Kerran máluð í sama lit og bíllinn.
- Fór nokkra smáhreinsunartúra um Reykjanesið.
- Toyota sýningin haldin með pompi og prakt, Hilux og fjörugóss til sýnis.

Mars.

- 30 svæði skoðuð og tilbúin fyrir verkefni ársins. Úthlurun svæða gekk vel.
- Gámur gerður klár til að taka við fjörugóssi ársins.

Apríl.

- Hreinsuð fjara með Heiðarskóla í Hvalfjarðarsveit. Yfir 100 nemendur, kennarar og starfsfólk skólans hreinsuðu 2000 kg. sem fóru í Sorpu.
- Plokkdagurinn haldin um allt Reykjanesið, þátttaka var frekar dræm en alls var hreinsað um 2000 kg. um allan skagann. 50 manns í það heila.
- Afreksstúlkur í Laugarlækjarskóla fengu bókina um hana Kóru afhenta fyrir frumkvæði í hreinsunarverkefni í sínu nærumhverfi.
- Fengum risastyrk frá Útvegsmannafélagi Suðurnesja, kr.5.000.000

Maí.

- Samnorræni strandhreinsidagurinn haldinn og hreinsað við Merkines. 40 manns.400 kg. Verkefni # 1.
- Garðskagafjaran hreinsuð með Gerðaskóla, yfir 100 nemendur og kennarar ásamt bæjarstjóranum tóku þátt. 540 kg.
- Fjaran frá hænsabúinu og að Nýfisk hreinsuð af yfir 100 nemendum, kennurum og starfsfólki Sandgerðisskóla.300 kg.
- Grindvískir nemendur, kennarar og starfsfólk gengu um bæinn sinn og þrifu sitt nærumhverfi í samstarfi við BH. Um 100 manns tóku þátt.
- Nemendur í Stóra Vogaskóla hreinsa sína fjöru, planta trjám og snyrta sitt nærumhverfi, um 80 manns tóku þátt.
- Árlegu hreinsunardagur með ISAVIA, 40 manns hreinsa um 600 kg. úr nærumhverfi flugstöðvarinnar.
- Starfsfólk frá skrifstofu Evrópusambandsins komu ásamt nokkrum starfsmönnum sendiráða og héldu áfram að hreinsa við Merkines. SEEDS sjálfboðaliðar komu einnig, 20 manns, 300 kg. Verkefni # 2.
- Hreinsað svæði innan girðingar á NV svæði Keflavíkurflugvallar ásamt dætrum mínum Eygló Önnu og Karen Lind. Eldgamalt drasl á svæði sem aldrei hefur verið hreinsað.

Júní.

- Njarðvíkurskóli hreinsaði sína fjöru fyrir framan skólann sinn ásamt kennurum. Um var að ræða hóp sem er mjög umhverfisþenkjandi og leggur mikið uppúr umhverfisvitund. 40 nemendur og kennarar, 120 kg.
- Tók þátt í ráðstefnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á netinu um plastmengum í Norðurhöfum.
- Tók þátt í skipulagsfundi LDIW í sambandi við WCD í september á netinu.
- Hreinsað með SEEDS við Merkines. 10 manns. 120 kg. Verkefni # 3.
- Hreinsað með SEEDS í Þórkötlustaðafjöru, ferð # 1 og # 2. 21 manneskja. 400 kg.
- Bíll og kerran merkt styrktaraðilunum.

Júlí

- Þórkötlustaðafjara hreinsuð með SEEDS, # 3. 9 manns. 130 kg.
- Þórkötlustaðafjara hreinsuð með SEEDS, # 4. 14 manns 310 kg.
- Þórkötlustaðafjara hreinsuð með Hjálparhönd Íslandsbanka, # 5. 4 konur. 100 kg.
- Alpha Team kom í Krossavík. 3 manneskjur 120 kg.
- Hreinsun á Rockville svæðinu, sófasett og smárusl. Benóný afastrákur kom með. 60 kg.
- Hreinsað á svæðinu norðan flekaskilanna, sekkjað í 4 sekki af SEEDS. 13 manns.

Ágúst

- Farið norður í land, fjöruhreinsun Að Hraunum ásamt Veigu Grétarsdóttur og það var kvikmyndað. 50 kg.
- Verkefni slegið á frest vegna Covid sem fara átti fram við Siglunes.
- Tekið þátt í verkefni á Langanesi ásamt Ocean Missions, Langanesbyggð og Veraldarvinum. Hreinað við Ytra Lón, fylltir 13 sekki og meira til. Hreinsað var 2X 3 tímar sitthvorn daginn. Viktaði 4 tonn. 20 manns.
- Blaðakona frá Bændablaðinu hafði samband og skrifaði grein í það blað um þetta tiltekna verkefni sem seinna meir varð tilefni að mjög svo ærumeiðandi skoðun um TJK sem ónefndur maður skrifaði í Fréttablaðið og DV vakti athygli á. Blái herinn svaraði ekki DV um viðbrögð við greininni.
- Tækifærið notað og drónaskoðað mikið af svæðum á NV horni landsins.
- Bjarnargjáarsvæðið hreinsað með starfsfólki frá NetApp. 17 manns. 500 kg.
- Bjarnargjáarsvæðið hreinsað áfram í vestur með SEEDS, 17 manns. 140 kg.
- Keypt notað fjórhjól af Adventure 4x4 í Grindavík og kerra frá Arctic Trucks til að fara á torveldu svæðin.
- Hreinsað vestur af Bjarnargjá við affallsrörið frá Svartsengi, 10 manns. 190 kg.

September.

- Hreinsað í Mölvík með starfsfólki frá Össur alls komu 15 manns. 700 kg.
- Klárað að hreinsa og sekkja á svæðinu norðan flekaskilanna, SEEDS mættu samtals 11 manns. Viktin kemur fram neðar(1060)
- Tók að mér að ferðast með stytta Umhverfisverðlauna Norðurlandanna á hina ýmsu staði til að auglýsa fyrir Norðurlandaráð. Heimsótti Reykjanesið, Gullfoss, Geysi, Þingvelli, Bessastaði og hin ýmsu styrktarfyrirtæki BH og endaði í Bláa lóninu. Mjög skemmtilegt verkefni.
- Árlegur hreinsunardagur með Hampiðjunni og SEEDS komu með, farið var í Krossavík. 30 manns mættu. 1500 kg.
- Við vinirnir Guðmundur Gunnarsson sóttum 5 sekki norðan flekaskilanna á fjórhjólínu. Þetta gekk mjög vel og sannaði gildi fjórhjólsins og kerrunnar svo um munar. 1060 kg.
- Farið í hreinsunarverkefni í Húshólma ásamt SEEDS. 5 manns.
- Pólskur maður að nafni Kuba Dudzinski hefur verið að hreinsa í Húshólma í allt sumar og er búinn að sekkja 14 sekki ásamt vinum sínum frá Póllandi.
- Hélt fyrirlestur í Menntaskóla Kópavogs í tilefni af Degi Náttúrunnar sem er 16 september.
- Skrifað undir viljayfirlýsingu ásamt nokkrum öðrum aðilum við Umhverfissráðuneytið. Samstarfsverkefni til 5 ára um hreinsun strandlengju Íslands.
- Farið í Húshólma og klárað að sekkja restina, alls eru þetta 19 sekki sem bíða eftir flutningi hjá Landhelgisgæslunni við heppilegt tækifæri.
- Farið til Burgas í Búlgaríu og fluttir 13 fyrirlestrar í 4 skólum þar í borg. Sérstaklega skemmtilegt, fræðandi og velheppnað verkefni sem er styrkt af Evrópusambandinu. Einnig var skoðað mikið af svæðum og gerð skýrsla fyrir borgina með hvatningarverkefnum til frambúðar.

Október.

- Landhelgisgæslan mætir þann 6 október á TF-GRÓ, Beggi mætir frá Grindavíkurbæ á stórvirkum lyftara og gámur frá HP Gámum var kominn á svæðið. Þyrlan fór 6 ferðir og sótti 19 sekki frá Húshólma. Þar var mættur Kuba Dudzinski og hjálpar til. Tókst mjög vel í alla staði. Þetta viktaði 1862 kg.
- Klárað að hreinsa við Merkines og einnig var aðeins hreinsað í Sandvík með SEEDS fólki. Alls 16 manns. 300 kg.

Bráðarbirgðartölur um verkefni ársins það sem komið er.

- 1. Hreinsaðir voru um 22 km. af Reykjaneskaganum.**
- 2. Verkefnin voru yfir 30 samtals.**
- 3. Alls mættu yfir 650 manns í þessi verkefni.**
- 4. Nærri 21 tonn voru fjarlægð úr fjörum landsins (2 tonn Hvalfjarðarsveit og 4 tonn Langanesbyggð)**
- 5. Yfir 2600 klst af vinnuframlagi í sjálfboðaliðsstarfi.**

Virðingarfyllt

Tómas J. Knútsson